

Reykjavík, 10. ágúst 2016

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis
Skrifstofa Alþingis, nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
nefndasvid@althingi.is

Efni: Umsögn Kennarasambands Íslands um tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda fyrir árin 2016-2019. Þingskjal 1285 — 765. mál.

Eftirfarandi er umsögn Kennarasambands Íslands (KÍ) um tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda fyrir árin 2016-2019, þingskjal 1285 — 765. mál.

Athugasemdir KÍ skiptast í tvennt, annars vegar almennar athugasemdir og hins vegar athugasemdir við einstaka liði framkvæmdaáætlunar.

Almennar athugasemdir

KÍ lýsir yfir ánægju með tillögu að nýrri framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda fyrir árin 2016-2019 sem og skýrslu félags- og húsnæðismálaráðherra um stöðu og þróun í málefnum innflytjenda árið 2016.

Framkvæmdaáætlunin er umfangsmikil og metnaðarfull og byggð upp með skýrum hætti. Það er einnig til mikilla bóta miðað við fyrri framkvæmdaáætlun að fjármunir eru tilgreindir í tengslum við ýmsar aðgerðir. KÍ telur hins vegar að þeir séu víða mjög vanáætlaðir. KÍ telur mjög mikilvægt að áætluninni verði tryggt skýrt brautargengi með nægilegum og skilgreindum fjármunum.

KÍ telur að framkvæmdaáætlunin hefði þurft að hvíla á skýrri almennri grundvallarstefnu stjórnvalda um málefni innflytjenda þar sem útlistuð er hugmyndafræði, hlutverk og ábyrgð ríkis, sveitarfélaga og annarra aðila, sem og hugtök sem varða málaflokkinn. KÍ hvetur til að slík almenn grundvallarstefna verði mótuð sem fyrst. Slíkt mun auðvelda mjög stefnumótunaryvinnu margra aðila í samfélaginu sem sinna málefnum innflytjenda.

KÍ telur gagnlegt að hafa sérstaka meginstöð um flóttafólk til að draga fram sérstakar aðstæður þessa hóps en jafnframt hefði þurft að flétta sérstaka þætti varðandi þennan hóp inn í hinar meginstöðinar.

KÍ fagnar því að jafna eigi aðstæður flóttafólks sem koma hingað fyrir milligöngu Flóttamannastofnunar SP og þeirra sem koma hingað eftir öðrum leiðum. Mismunun á stöðu og rétti einstakra hópa hefur mjög neikvæðar afleiðingar fyrir fjölskyldur og einstaklinga og er mjög brýnt að þessari samræmingu verði lokið sem fyrst. KÍ tekur sérstaklega undir umsögn velferðarsviðs Reykjavíkurborgar um framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda varðandi misræmi á milli aðstoðar til hópa kvótaflóttafólks og annarra flóttamanna.

KÍ telur ennfremur mjög brýnt að gerðar verði umbætur á stöðu þeirra flóttamanna sem bíða eftir eða eru í hælismeðferð og leggja þarf sérstaka áherslu á að búa börnum og ungmennum í þessum hópi tryggja aðstæður, menntun og skólavist. Aðstoð við flóttamenn þarf að hefjast strax við komu hingað óháð því hvort viðkomandi hlýtur hér alþjóðlega vernd eða ekki. Sami stuðningur þarf að fylgja öllum börnum og ungmennum óháð stöðu og taka þarf tillit til þessa við stefnumótun og ákvarðanir um fjármuni til málaflokksins.

Hvað varðar menntastöðina sérstaklega þá tekur KÍ heilshugar undir mikilvægi þeirra aðgerða sem þar koma fram. KÍ vill minna á í þessu sambandi að gildandi lög um leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla voru sett nokkrum mánuðum fyrir efnahagshrunið haustið 2008 og útfærslan á

menntalögunum leit dagsins ljós í námskrám skólastiganna árið 2011. KÍ bendir á að fjölmörg mikilvæg atriði í lögum og námskrám skólastiganna sem varða réttindi og velferð barna og ungmenna hafa lítt eða ekki komist til framkvæmda vegna mikils niðurskurðar á fjármunum til skólastarfs í kjölfar hrunsins sem engan veginn er genginn til baka. KÍ telur mjög mikilvægt unnið verði markvisst að því að efla velferð og réttindi barna og ungmenna með nægilegum og skilgreindum fjármunum svo að markmið menntastöðarinnar komist til sómasamlegra framkvæmda, og þurfa ríki og sveitarfélög að styðja ötullega við kennara og skóla í þessu brýna starfi.

KÍ lýsir sig reiðubúið til þátttöku í starfi að framkvæmdaáætluninni og að leggja fram sérfræðiþekkingu sína og starfskrafta.

Athugasemdir KÍ við einstaka liði framkvæmdaáætlunar. Þingskjal 1285 — 765. mál.

Tillaga til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda fyrir árin 2016–2019.

(Lögð fyrir Alþingi á 145. löggjafarþingi 2015–2016.)

Alþingi ályktar að framkvæmdir í málefnum innflytjenda skuli miða að því að tryggja jöfn tækifæri allra landsmanna, óháð einstaklingsbundnum þáttum og aðstæðum. Í því skyni verði lögð áhersla á fimm stöðir:

- Samfélagið.* Íslenskt samfélag verði fjölskylduvænt þar sem allir þjóðfélagsþegnar búi við jöfn tækifæri og öryggi og njóti lögvarinna réttinda. Stuðlað verði að samheldni heildarinnar með jöfnu aðgengi allra að þátttöku í samfélaginu og þekkingu á réttindum og skyldum gagnvart því.
- Fjölskyldan.* Íslenskt samfélag taki mið af þörfum ólíkra fjölskyldugerða. Samfélagið skapi góð skilyrði fyrir allar fjölskyldur, ekki síst barnafjölskyldur, óháð þjóðerni og uppruna, sambærileg við það sem best þekkest, og styðji þær til þeirra verkefna sem þær standa frammi fyrir.
- Menntun.* Innflytjendur njóti jafnrar stöðu og tækifæra til náms í raun. Hugað verði sérstaklega að menntun innflytjenda. Mat á menntun verði skilvirkt og unnið að því að verulega dragi úr brotthvarfi innflytjenda úr námi.
- Vinumarkaður.* Stuðlað verði að því að fjölbreyttur bakgrunnur fólks leiði til betri og samkeppnishæfari vinnumarkaðar. Lögð verði áhersla á að kraftar innflytjenda nýtist í opinberum störfum ekki síður en í einkageiranum til hagsbóta fyrir samfélagið allt.
- Flóttafólk.* Íslenskt samfélag aðstoði og veiti alþjóðlega vernd þeim einstaklingum sem slíkrar verndar þarfnast. Hugað verði strax að þeim umfangsmiklu breytingum sem eiga sér stað á alþjóðavísu og þeim áhrifum sem þær hafa á íslenskt samfélag.

Alþingi ályktar, sbr. 7. gr. laga um málefni innflytjenda, nr. 116/2012, að samþykkja eftirfarandi áætlun:

FRAMKVÆMDAÁÆTLUN Í MÁLEFNUM INNFLYTJENDA FYRIR ÁRIN 2016–2019

A. Samfélagsstöð.

Lögð verði áhersla á að draga fram tækifærin sem felast í ólíkum menningarlegum bakgrunni landsmanna og nýta þekkingu innflytjenda til að efla íslenskt samfélag. Hugað verði að góðu aðgengi innflytjenda að opinberum þjónustustofnunum, bæði á vettvangi ríkis og sveitarfélaga, og að þjónusta stofnananna mæti þörfum samfélagsins alls. Auk þess verði lögð áhersla á að aðgerðirnar stuðli að virkri þátttöku innflytjenda í samfélaginu. Leitast verði við að ná breiðri samstöðu með félagasamtökum, fjölmiðlum, atvinnulífi og innflytjendum við framkvæmd aðgerða.

Lögð verði áhersla á eftirfarandi þætti fyrir þróun samfélagsins:

1. Samfélagsviðhorf.
2. Samfélagsþátttöku innflytjenda.
3. Aðgang innflytjenda að þjónustu ríkis og sveitarfélaga.

Athugasemdir KÍ við lið A.:

1. KÍ telur að orðalagið í fyrstu málsgrein þurfi að vera ákveðnara og leggur KÍ til eftirfarandi orðalag: „Lögd verði áhersla á að draga fram tækifærin sem felast í ólíkum menningarlegum bakgrunni landsmanna og nýta þekkingu innflytjenda til að efla íslenskt samfélag. **Unnið verði** að góðu aðgengi innflytjenda að opinberum þjónustustofnunum, bæði á vettvangi ríkis og sveitarfélaga, og að þjónusta stofnananna mæti þörfum samfélagsins alls. Auk þess verði lögd áhersla á að aðgerðirnar stuðli að virkri þátttöku innflytjenda í samfélaginu **og breiðri** samstöðu með félagasamtökum, fjölmiðlum, atvinnulífi og innflytjendum við framkvæmd aðgerða“.

A.1. Mælingar á viðhorfum.

Markmið: Að öðlast þekkingu á viðhorfum samfélagsins til innflytjenda á gildistíma framkvæmdaáætlunarinnar. Þekkingin verði nýtt til að rýna árangur tiltekinna aðgerða og meta hvort nýrri sé þörf.

Framkvæmd: Spurningar um málefni er varða innflytjendur og samfélagsvitund verði lagðar fyrir almenning í reglulegum viðhorfskönnunum auk þess sem könnuð verði viðhorf nemenda í grunn- og framhaldsskólum. Þetta verði gert við upphaf framkvæmdaáætlunarinnar og þannig mótuð grunnlína viðhorfa sem hægt verður að miða við þegar árangur aðgerða áætlunarinnar verður metinn. Aðgerðin verði endurtekin á tveggja ára fresti. Niðurstöður verði síðar vistaðar í félagsvísium.

Ábyrgð: Velferðarráðuneytið.

Samstarfsaðilar: Sérfræðingar á sviði félagsvísindarannsókna, mennta- og menningarmálaráðuneytið, Fjölmeningarsetur og innflytjendaráð.

Mælikvarði: Samanburður á niðurstöðum kannana.

Hagaðilar/markhópur: Samfélagið.

Tímabil: 2016 og 2018.

Kostnaður: 2,5 m.kr.

Niðurstæða: Marktækt mælitæki.

Athugasemdir KÍ við lið A.1.:

1. KÍ leggur til að einnig verði lagðar kannanir fyrir innflytjendur. Mikilvægt er að afla upplýsinga um það hvernig og hvaða viðhorfum þeir mæta og hvort þau breytast með þeim aðgerðum sem unnið verður að á tímabili framkvæmdaáætlunar.
2. KÍ bendir á að ekki nægjanlegt að mæla viðhorf heldur þarf að vinna markvisst með niðurstöðurnar í samræmi við þau markmið sem sett eru í framkvæmdaáætluninni.

A.2. Kynning.

Markmið: Að auka vitund um fjölbreytni samfélagsins og stuðla að aukinni þekkingu á þeim tækifærum og verkefnum sem í því felast.

Framkvæmd: Sett verði af stað kynningarverkefni þar sem áhersla verði lögð á þróun innflytjendamála á Íslandi, tækifæri og framlag innflytjenda til samfélagsins. Leitað verði eftir samstarfi við félög og hagsmunasamtök innflytjenda.

Ábyrgð: Innflytjendaráð.

Samstarfsaðilar: Félög og hagsmunasamtök innflytjenda, velferðarráðuneytið, Fjölmeningarsetur, aðilar vinnumarkaðarins, Rauði krossinn á Íslandi, fjölmiðlar og sveitarfélög.

Mælikvarði: Eftir að niðurstöður fást úr fyrstu könnun samkvæmt lið A.1 setji innflytjendaráð fram mælanleg markmið fyrir næstu kannanir.

Hagaðilar/markhópur: Samfélagið allt.

Tímabil: 2016–2018.

Kostnaður: 10 m.kr.

Niðurstæða: Kynningarverkefni sem nær víðtækri athygli og eykur þekkingu almennings á málefnum innflytjenda.

Athugasemdir KÍ við lið A.2.:

1. KÍ telur mjög mikilvægt að skólar á öllum skólastigum, leikskólar, grunnskólar og framhaldsskólar, taki virkan þátt í þessu kynningarverkefni og vinni með það til að auka vitund

barna og ungmenna um fjölbreytni samfélagsins og stuðla að aukinni þekkingu á þeim tækifærum og verkefnum sem í því felast.

2. KÍ leggur ríka áherslu á að KÍ og Skólameistarafélag Íslands verði meðal tilgreindra samstarfsaðila um þetta verkefni.

A.3. Hvatningarverðlaun.

Markmið: Að stuðla að faglegri, vandaðri og upplýsandi umfjöllun um innflytjendur og þátttöku þeirra í samfélaginu.

Framkvæmd: Velferðarráðuneytið óski eftir tilnefningum frá almenningi, fyrirtækjum og stofnunum til hvatningarverðlauna velferðarráðuneytisins.

Innflytjendaráð veiti hvatningarverðlaun sem falli að skilgreiningum einhvers þessara undirflokka:

1. Til fjölmiðils sem skarað hefur fram úr með faglegri umfjöllun um málefni innflytjenda og þátttöku þeirra í samfélaginu.
2. Til opinberrar stofnunar sem skarað hefur fram úr með því að veita þjónustu sem tekur mið af þörfum innflytjenda.
3. Til fyrirtækis sem skarað hefur fram úr með því að virkja hæfni og færni innflytjenda.
4. Til einstaklings eða félagasamtaka sem skarað hafa fram úr með vinnu í þágu hagsmuna innflytjenda í samfélaginu.

Ábyrgð: Velferðarráðuneytið.

Samstarfsaðilar: Innflytjendaráð.

Mælikvarði: Aukinn sýnileiki innflytjenda í samfélaginu og umræða um þróun innflytjendamála.

Hagaðilar/markhópur: Samfélagið.

Tímabil: 2016–2019.

Kostnaður: 1 m.kr.

Niðurstaða: Hvatningarverðlaun veitt árlega.

Athugasemdir KÍ við lið A.3.:

1. KÍ telur að einnig eigi að óska eftir tilnefningum frá félögum og hagsmunasamtökum og að veita eigi árleg hvatningarverðlaun í hverjum þeirra flokka sem tilgreindir eru hér að ofan.

A.4. Fræðsla til starfsfólks ríkis og sveitarfélaga.

Markmið: Að auðvelda aðgengi innflytjenda að opinberri þjónustu og efla faglega þekkingu starfsfólks á menningarmæmi og -færni.

Framkvæmd: Stofnaður verði starfshópur sem undirbúi fræðslu fyrir starfsfólk ríkis og sveitarfélaga. Haldin verði námskeið fyrir starfsfólk í framlínu þjónustustofnana og sérfræðinga í nærþjónustu, svo sem félagsráðgjafa, hjúkrunarfræðinga, kennara og lögregluþjóna.

Ábyrgð: Velferðarráðuneytið.

Samstarfsaðilar: Félög og hagsmunasamtök innflytjenda, ríkisstofnanir, mennta- og menningarmálaráðuneytið, sveitarfélög, stéttarfélög, Barnaverndarstofa, Samband íslenskra sveitarfélaga, Fjölmenningssetur og innflytjendaráð.

Mælikvarðar: Meira en helmingur opinberra stofnana ríkis og sveitarfélaga fræði starfsfólk sitt á tímabilinu. Markmið verði sett um aukna ánægju notenda með viðmót og þekkingu starfsfólks stofnana.

Hagaðilar/markhópur: Starfsfólk þjónustustofnana og innflytjendur.

Tímabil: 2016–2019.

Kostnaður: 8 m.kr.

Niðurstaða: Samþætt stjórnsýsla og þjónusta hins opinbera, ásamt fræðsluáætlun og námskeiðsgögnum.

Athugasemdir KÍ við lið A.4.:

1. KÍ leggur ríka áherslu á að KÍ og Skólameistarafélag Íslands séu meðal tilgreindra samstarfsaðila um þetta verkefni.
2. KÍ bendir á að hafa þarf eftirfylgni með fræðslunni svo að markmiðin með henni nái fram að ganga. Hér þarf að tilgreina aðferðir við slíka eftirfylgni.

A.5. Málþing innflytjenda.

Markmið: Að auka og efla lýðræðislega þátttöku innflytjenda, samstarf félags- og hagsmunasamtaka innflytjenda, áhrif þeirra á hagsmunamál sín og þátttöku þeirra í stjórnámálum.

Framkvæmd: Skipuð verði undirbúningsnefnd sem haldi tvö málþing á tímabilinu til að stuðla að auknu samstarfi félags- og hagsmunasamtaka innflytjenda frá öllum landsvæðum og efla lýðræðisleg félagasamtök þeirra.

Ábyrgð: Innflytjendaráð.

Samstarfsaðilar: Félög og hagsmunasamtök innflytjenda, sveitarfélög, velferðarráðuneytið og innanríkisráðuneytið.

Mælikvarði: Virkni og sýnileiki lýðræðislegra félaga og hagsmunasamtaka innflytjenda og þátttaka innflytjenda í lýðræðislegu starfi í samfélaginu. Fulltrúar allra lýðræðislegra samtaka innflytjenda taki þátt í málþingunum.

Hagaðilar/markhópur: Innflytjendur og félög og hagsmunasamtök þeirra.

Tímabil: 2016 og 2018.

Kostnaður: 1 m.kr.

Niðurstaða: Aukið samstarf milli félaga og hagsmunasamtaka innflytjenda og aukið samráð við stjórnvöld, aukin virkni og sýnileiki og almennt aukin lýðræðisþátttaka innflytjenda í samfélaginu.

Athugasemdir KÍ við lið A.5.:

1. KÍ telur mikla þörf á að efla einstaklinga af erlendum uppruna og samtök þeirra. Eins og kemur fram í skýrslu ráðherra eru slík heildarsamtök ekki og til og þarf að veita fjármagni og tíma til að vinna að stofnun þeirra. KÍ leggur til að bætt verði við sérstökum framkvæmdalið sem lýtur að þessu. Með því er tryggara að hagsmunir innflytjenda fái nægilega athygli og þá sérstaklega þeirra sem eru í hvað lakastri stöðu.

B. Fjölskyldustöð.

Lögð verði áhersla á upplýsingagjöf til innflytjenda fyrst eftir komu til landsins. Sveitarfélög setji saman móttökuáætlanir í þeim tilgangi að stuðla að farsæld frá upphafi búsetu í nýju landi og að innflytjendur njóti sömu tækifæra og aðrir hvað varðar húsnæðisöryggi og almenna velferð. Fundnar verði leiðir til að varpa ljósi á aðstæður innflytjenda á húsnæðismarkaði og vinna að bættu húsnæðisöryggi. Í þessu sambandi verði einkum lögð áhersla á stuðning við þá hópa innflytjenda sem standa höllum fæti og skortir stuðningsnet hér á landi.

Lögð verði áhersla á eftirfarandi þætti fyrir þróun samfélagsins:

1. Móttökuáætlun.
2. Húsnæðismál.
3. Velferð.

Athugasemdir KÍ við lið B.:

1. KÍ leggur ríka áherslu á að tryggt þarf að vera að mannréttindi og jafnrétti í víðum skilningi sé hluti af velferðarþættinum. Brýnt er að innflytjendur séu upplýstir um stöðu sína og réttindi á grundvelli þessa.

B.1. Samstarfsteymi helstu stofnana sem koma að skráningu erlendra ríkisborgara.

Markmið: Að efla samstarf stofnana sem koma að nýskráningu innflytjenda í íslenskt samfélag til einföldunar fyrir innflytjendur. Áhersla verði lögð á að bæta þjónustu og upplýsingagjöf til innflytjenda og sveitarfélaga um nýja íbúa.

Framkvæmd: Stofnað verði samstarfsteymi Fjölmeningarseturs, ríkisskattstjóra, Sjúkratrygginga Íslands, Vinnumálastofnunar, Útlendingastofnunar og Þjóðskrár Íslands.

Ábyrgð: Innanríkisráðuneytið.

Samstarfsaðilar: Velferðarráðuneytið, Fjölmeningarsetur, ríkisskattstjóri, Sjúkratryggingar Íslands, Vinnumálastofnun, Útlendingastofnun, sveitarfélög, innflytjendaráð og Þjóðskrár Íslands.

Mælikvarði: Fækkun tilkynninga um rangskráningar og fækkun nýskráninga í utangarðsskrá.

Hagaðilar/markhópur: Nýkomnir innflytjendur og nærbjónusta við innflytjendur.

Tímabil: 2016–2019.

Kostnaður: Innan ramma.

Niðurstaða: Samþætt stjórnýsla og þjónusta hins opinbera og skilvirkara skráningarferli.

B.2. Fyrirmynd að móttökuáætlun.

Markmið: Að stuðla að því að vel sé tekið á móti nýkomnum innflytjendum.

Framkvæmd: Settur verði á fót starfshópur sem fái það hlutverk að semja fyrirmynd að formlegri móttökuáætlun fyrir sveitarfélög. Starfshópurinn vinni meðal annars að því að auðvelda aðgengi að upplýsingum og þjónustu á fyrstu vikum og mánuðum sem einstaklingar og fjölskyldur búa á Íslandi. Hann vinni einnig að bættri upplýsingagjöf um nærþjónustu til innflytjenda. Starfshópurinn hlutist til um að sveitarfélög taki þátt í reynsluverkefni sem snýr að gerð og innleiðingu móttökuáætlunar og upplýsingagjöf sveitarfélaga til innflytjenda, sbr. lið B.4.

Ábyrgð: Velferðarráðuneytið.

Samstarfsaðilar: Samband íslenskra sveitarfélaga, sveitarfélög, innanríkisráðuneytið, Þjóðskrá Íslands, Útlendingastofnun, innflytjendaráð, Rauði krossinn á Íslandi og Fjölmenningssetur.

Mælikvarði: Stefnt verði að því að minnst 15 sveitarfélög hafi tekið upp formlega móttökuáætlun í lok árs 2019 og að þau sveitarfélög nái til þorra innflytjenda á Íslandi.

Hagaðilar/markhópur: Opinberir þjónustuaðilar og innflytjendur.

Tímabil: 2016–2019.

Kostnaður: Innan ramma.

Niðurstaða: Fyrirmynd að móttökuáætlun liggja fyrir.

Athugasemdir KÍ við lið B.2.:

1. KÍ leggur ríka áherslu á að tryggt þarf að vera að mannréttindi og jafnrétti í víðum skilningi sé hluti af fyrirmynd að móttökuáætlun. Einnig þarf að fjalla um þátttöku barna og ungmenna í íþrótt- og æskulýðsstarfi, tómstunda- og félagsstarf og fristundaheimili.
2. KÍ telur mikla þörf vera fyrir almenna umræðu og stefnumótun um það hvers konar fjölmenningsamfélag sveitarfélag ætli að byggja upp á sínu svæði sem tryggir öllum sama rétt. Hér þarf að hafa í huga þann mun sem er á aðstæðum innflytjenda eftir búsetu. Talsverður munur getur verið milli sveitarfélaga á þeim stuðningi og þjónustu sem er í boði fyrir innflytjendur og sömuleiðis geta þær áskoranir sem innflytjendur standa frammi fyrir verið mismunandi eftir búsetu. Örfá sveitarfélög, einkum hin stærri, hafa sett sér almenna mannréttindastefnu sem tekur tillit til þess fjölbreytileika sem fyrir er í samfélaginu. Slík stefnumótunarvinna er ekki auðveld fyrir sveitarstjórnir í fámennum samfélögum. Í ljósi þessa telur KÍ mikla þörf vera fyrir almenna stefnumótun stjórnvalda í málefnum innflytjenda sem gæti verið grunnur að sérstökum móttökuáætlunum sveitarfélaga. Þetta myndi einnig auðvelda mjög stefnumótunarvinnu smærri sveitarfélaga og fleiri aðila í samfélaginu sem sinna málefnum innflytjenda.

B.3. Upplýsingagjöf til innflytjenda fyrst eftir komu til Íslands.

Markmið: Að auðvelda aðgengi innflytjenda að upplýsingum fyrst eftir komuna til Íslands.

Framkvæmd: Annars vegar verði upplýsingar sendar/afhentar með gögnum sem meðal annars Þjóðskrá Íslands dreifir um búsetu á Íslandi. Þar komi fram hvar sé hægt að nálgast upplýsingar um réttindi og skyldur er varða dvöl á Íslandi og þá þjónustuaðila sem viðkomandi þarf líklegast að leita til á fyrstu vikum og mánuðum dvalar. Hins vegar verði gerð myndbönd um umsóknar- og skráningarferli þar sem upplýsingar verði settar fram á einfaldan hátt.

Ábyrgð: Innanríkisráðuneytið.

Samstarfsaðilar: Velferðarráðuneytið, Þjóðskrá Íslands, Útlendingastofnun, ríkisskattstjóri, Vinnumálastofnun, Fjölmenningssetur, sveitarfélög og innflytjendaráð.

Mælikvarði: Fjölgun heimsókna um þriðjung til stofnana sem vísað er til og á vefi þeirra.

Hagaðilar/markhópur: Nýkomnir innflytjendur.

Tímabil: 2016–2019.

Kostnaður: 3 m.kr.

Niðurstaða: Allir innflytjendur fái viðeigandi upplýsingar um stöðu sína og hvar upplýsingarnar sé að finna.

Athugasemdir KÍ við lið B.3.:

1. KÍ leggur ríka áherslu á að tryggt þarf að vera að mannréttindi og jafnrétti í víðum skilningi sé hluti af upplýsingagjöf til innflytjenda, og að innflytjendur séu upplýstir um stöðu sína og réttindi á grundvelli þessa.

2. KÍ leggur til að í upplýsingagjöf verði einnig fjallað um menntakerfið, skólastigin og skóla- og frístundamál barna og ungmenna.

B.4. Upplýsingar til innflytjenda frá sveitarfélögum.

Markmið: Að stuðla að markvissri upplýsingagjöf sveitarfélaga til nýrra íbúa um helstu þjónustu sveitarfélagsins.

Framkvæmd: Farið verði af stað með reynsluverkefni, á grundvelli nýskráningar í þjóðskrá, þar sem nokkur sveitarfélög sendi upplýsingar til innflytjenda um helstu þjónustu sveitarfélagsins.

Ábyrgð: Innanríkisráðuneytið.

Samstarfsaðilar: Þjóðskrá Íslands, Samband íslenskra sveitarfélaga, innflytjendaráð og sveitarfélög sem taka þátt í verkefninu.

Mælikvarði: Sjálfstætt mat á árangri verkefnisins og yfirfærslugildi þess.

Hagaðilar/markhópur: Nýkomnir innflytjendur og sveitarfélög.

Tímabil: 2016–2019.

Kostnaður: 2 m.kr.

Niðurstaða: Upplýsingar sendar frá sveitarfélögum til nýkominna innflytjenda.

Athugasemdir KÍ við lið B.4.:

1. KÍ vísar til athugasemda sinna við liði B.2 og B.3.

B.5. Innflytjendur á húsnæðismarkaði.

Markmið: Að jafna stöðu innflytjenda á húsnæðismarkaði við það sem almennt gerist á Íslandi.

Framkvæmd: Rýnt verði í niðurstöður rannsókna á vegum þróunarsjóðs innflytjendamála á stöðu innflytjenda á húsnæðismarkaði, sem og niðurstöður annarra rannsókna og gagna sem fjalla um málið, og ráðist í viðeigandi aðgerðir.

Ábyrgð: Innflytjendaráð.

Samstarfsaðilar: Velferðarráðuneytið, rannsóknaraðilar og háskólasamfélagið, Rauði krossinn á Íslandi og önnur viðeigandi félög og hagsmunasamtök.

Mælikvarði: Innflytjendaráð skilgreini mælikvarða fyrir þær aðgerðir sem það leggur til og skulu þeir meðal annars byggjast á framangreindum rannsóknum.

Hagaðilar/markhópur: Innflytjendur.

Tímabil: 2016–2018.

Kostnaður: Aðgerðir verði ákvarðaðar samkvæmt niðurstöðum rannsókna og frekari umfjöllunar innflytjendaráðs.

Niðurstaða: Upplýsingar sem gefa greinargóða lýsingu á stöðu innflytjenda á húsnæðismarkaði. Í framhaldi verði aðstæður metnar og farið í framkvæmdir ef nauðsyn krefur.

Athugasemdir KÍ við lið B.5.:

1. KÍ bendir á mjög alvarlega stöðu í húsnæðismálum þeirra sem hafa fengið alþjóðlega vernd eftir hælisleit, sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu. Í ljósi þessa telur KÍ að kveða þurfi mun fastar að orði varðandi niðurstöðu þessa verkefnis og að farið verði fljótt í aðgerðir til að ráða bót á þessu ófremdarástandi.

B.6. Þátttaka barna og ungmenna í íþrótt- og æskulýðsstarfi.

Markmið: Að auka þátttöku barna og ungmenna af erlendum uppruna í skipulögðu íþrótt- og æskulýðsstarfi sem og öðru tómstundastarfi og draga úr brotthvarfi þeirra úr slíku starfi.

Framkvæmd: Stofnaður verði starfshópur sem leiti leiða til að vinna með sveitarfélögum og frjálsum félagasamtökum að framangreindum markmiðum. Starfshópurinn útbúi tillögur um aðgerðir til að ná til innflytjenda af ólíkum uppruna. Einnig verði búið til og gert aðgengilegt fyrir börn og foreldra efni á algengustu tungumálum um íþrótt- og æskulýðsstarf ásamt leiðbeiningum til íþrótt- og æskulýðsfélaga um leiðir til að ná til og virkja börn og ungmenni af erlendum uppruna sem og foreldra þeirra.

Ábyrgð: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Samstarfsaðilar: Velferðarráðuneytið, innflytjendaráð, Æskulýðsvettvangurinn, Samband íslenskra sveitarfélaga, sveitarfélög, ÍSÍ, Landssamband æskulýðsfélaga og félagasamtök innflytjenda.

Mælikvarði: Mæling var gerð árið 2008. Spurningar úr þeirri könnun verði lagðar fyrir að nýju við upphaf og lok aðgerðarinnar. Starfshópurinn skilgreini mælikvarða fyrir þær aðgerðir sem hann leggur til, m.a. verði horft til niðurstaðna kannana sem gerðar eru á líðan og högum barna og ungmenna í grunn- og framhaldsskólum.

Hagaðilar/markhópur: Börn og ungmenni af erlendum uppruna.

Tímabil: 2016–2019.

Kostnaður: 5,5 m.kr.

Niðurstaða: Fleiri börn taki þátt í skipulögðu tómstundastarfi og aukin vellíðan hjá börnum af erlendum uppruna og minna brotthvarf úr skipulögðu íprótta- og æskulýðsstarfi.

Athugasemdir KÍ við lið B.6.:

1. KÍ telur að hér þurfi líka að fjalla sérstaklega um skóla- og frístundamál barna og ungmenna, tómstunda- og félagsstarf og frístundaheimili.
2. KÍ telur mikilvægt að skýrt verði að hvaða aldurshópi þetta verkefni eigi að beinast. Er hér miðað við einstaklinga að 18 aldri eða eldri? KÍ bendir á að æskulýðslögin miða við ungt fólk að 25 ára aldri. KÍ telur mjög mikilvægt að tekið verði tillit til mismunandi þarfa og áhugasviða barna og ungmenna til 18 ára aldurs annars vegar og ungra innflytjenda sem eru eldri en 18 ára hins vegar. Ungir innflytjendur er jafarsettur hópur sem nýtur ekki sérstakrar lagalegrar verndar eins og börn og ungmenni undir 18 ára aldri. KÍ telur að styðja þurfi sérstaklega við þennan aldurshóp með ýmsum hætti í valdeflingarskyni.
3. KÍ tekur að í niðurstöðum þessa verkefnis eigi einnig að kveða á um aukna færni í íslensku sem og um félagslega færni.

B.7. Stuðningur við konur sem hafa búið við heimilisofbeldi.

Markmið: Að efla stuðningsnet kvenna af erlendum uppruna sem búið hafa við heimilisofbeldi og draga þannig úr heimilisofbeldi.

Framkvæmd: Stofnaður verði starfshópur sem útbúi fræðsluáætlun og námskeið fyrir konur af erlendum uppruna sem búa við félagslega erfiðleika og lítið stuðningsnet.

Ábyrgð: Velferðarráðuneytið.

Samstarfsaðilar: Innflytjendaráð, innanríkisráðuneytið, lögreglan, Barnaverndarstofa, félagsþjónusta sveitarfélaga, heilsugæsla, Samtök um kvennaathvarf, félög og hagsmunasamtök innflytjenda og mögulega önnur félagasamtök.

Mælikvarði: Fjöldi kvenna sem tekur þátt í námskeiðunum eða hefur fengið fræðslu með öðrum hætti.

Hagaðilar/markhópur: Konur sem dvalist hafa í Kvennaathvarfinu og aðrar konur af erlendum uppruna sem hafa orðið fyrir heimilisofbeldi.

Tímabil: 2016–2018.

Kostnaður: 5 m.kr.

Niðurstaða: Fleiri úrræði og sterkara stuðningsnet fyrir konur sem verða fyrir heimilisofbeldi. Minna ofbeldi gegn innflytjendum.

Athugasemdir KÍ við lið B.7.:

1. KÍ bendir á mikilvægi þess að einnig þarf að efla stuðningsnet við börn og ungmenni sem búa við heimilisofbeldi.

B.8. Ofbeldi.

Markmið: Að vinna gegn ofbeldi í garð innflytjenda og meðal þeirra.

Framkvæmd: Stofnaður verði starfshópur sem leggi drög að rannsóknum á ofbeldi í garð innflytjenda og meðal þeirra hér á landi. Hópurinn leggi mat á þær rannsóknir sem þegar hafa verið unnar. Út frá rannsóknarniðurstöðum og annarri þekkingu sem liggur fyrir verði lagðar til aðgerðir til að vinna gegn ofbeldi, þ.e. hatursorðræðu, andlegu ofbeldi út frá uppruna, heimilisofbeldi og hvers konar öðru ofbeldi. Sérstaklega verði hugað að börnum í framangreindum aðstæðum.

Ábyrgð: Velferðarráðuneytið.

Samstarfsaðilar: Innanríkisráðuneytið, lögreglan, innflytjendaráð, Barnaverndarstofa, félagsþjónusta og barnaverndarnefndir, heilsugæsla, verkefnastjórn samráðshóps um aðgerðir gegn ofbeldi og afleiðingum þess, Mannréttindaskrifstofa Íslands og aðrar viðeigandi opinberar stofnanir og félagasamtök.

Mælikvarði: Tölfræðiupplýsingar frá lögreglu og fjöldi verkefna sem hefur fengið styrk úr þróunarsjóði innflytjendamála eða frá samstarfsaðilum. Starfshópurinn skilgreini mælikvarða fyrir þær aðgerðir sem hann leggur til sem byggist meðal annars á þeim rannsóknum sem framkvæmdar verða.

Hagaðilar/markhópur: Innflytjendur.

Tímabil: 2016–2019.

Kostnaður: 5 m.kr.

Niðurstaða: Skýrar rannsóknarniðurstöður sem sýna hvað þurfi að gera til þess að draga úr ofbeldi gegn innflytjendum. Minna ofbeldi í garð innflytjenda.

Athugasemdir KÍ við lið B.8.:

1. KÍ telur mjög mikilvægt að fylgst verði vel með hatursorðræðu og að unnið verði markvisst gegn slíkri orðræðu með fræðslu sem stuðlar að virðingu og umburðarlyndi.
2. KÍ telur að markmið þessa verkefnis, framkvæmd og niðurstaða þurfi að haldast betur í hendur og að unnið verði markvisst að því að draga úr ofbeldi í garð innflytjenda og hatursumræðu.

C. Menntastoð.

Lögð verði áhersla á jafna stöðu og tækifæri til menntunar og að þekking og reynsla innflytjenda sé metin. Börn og ungmenni með annað móðurmál en íslensku njóti sömu tækifæra til náms og önnur börn og ungmenni.

Unnið verði markvisst gegn brottfalli innflytjenda úr framhaldsskólum með stuðningi á öllum skólastigum, m.a. með aukinni áherslu á kennslu í móðurmáli þeirra barna sem hafa annað móðurmál en íslensku.

Eflað verði gæði og framboð íslenskukennslu fyrir innflytjendur þannig að íslenska nýtist einstaklingum til virkrar þátttöku í samfélaginu. Til að bæta þjónustu samfélagstúlka verði útbúið námskeið fyrir túlka og haldin stöðupróf í nokkrum tungumálum. Allar aðgerðir menntastoðar framkvæmdaáætlunarinnar miði með einum eða öðrum hætti að því að nýta menntun og mannauð innflytjenda, þeim sjálfum og samfélaginu öllu til hagsbóta. Innflytjendum verði auðveldað að fá menntun sína metna svo að þeir geti stundað atvinnu þar sem þekking þeirra og hæfileikar nýtast sem best.

Lögð verði áhersla á eftirfarandi þætti fyrir þróun samfélagsins:

1. Jöfnuð til menntunar.
2. Betri þjónustu við innflytjendur.
3. Aukin tækifæri fyrir innflytjendur til að taka virkan þátt í samfélaginu.
4. Að menntun innflytjenda verði metin og nýtt.

Athugasemdir KÍ við lið C.:

1. KÍ bendir á að í lögum um leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla og í námskrám skólastiganna eru fjölmörg mikilvæg atriði sem varða réttindi og velferð barna og ungmenna sem ekki hafa komist til framkvæmda vegna afleiðinga hrunsins 2008 og niðurskurðar á fjármunum til skólastarfs sem engan veginn er genginn til baka. KÍ telur mjög mikilvægt að starfshópurinn sem tilgreindur er í lið C.1. glöggvi sig á ákvæðum í lögum og námskrám skólastiganna sem varða réttindi og velferð barna og ungmenna sem lítt eða ekki hafa komist í framkvæmd og skyldur og ábyrgð stjórnvalda, ríkis og sveitarfélaga, þar að lútandi. Starfshópurinn geri tillögur um framkvæmd með skilgreindum fjármunum til að stuðla að því að markmið menntastöðarinnar nái fram að ganga.¹
2. KÍ leggur ríka áherslu á að ríki og sveitarfélög skipuleggi markvissan stuðning við kennara og skóla á öllum skólastigum til að styðja við að markmið menntastöðarinnar nái fram að ganga.

¹ KÍ bendir hér á greinargerð sem KÍ gaf út sumarið 2015 og sendi til mennta- og menningarmálaráðherra og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Greinargerðin felur í sér stöðumat á innleiðingu laga og námskrá leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla með hliðsjón af ákvæðum um réttindi og velferð nemenda, námskrárbreytingum, innra mati og eftirfylgni og fjármunum til skólastarfs.

http://ki.is/images/Skrar/KI/Skolamal/Skyrslur_og_onnur_rit/2015/Greinargerð_um_stodu_innleiðingar_laga_og_adalnamskrar.pdf KÍ vill einnig benda á fjölmörg mikilvæg áhersluatriði í aðgerðaáætlunum sem byggðar eru á hvítbók menntamálaráðherra sem varða réttindi og velferð barna og ungmenna á öllum skólastigum sem eru mörg hver árétting á ákvæðum laga og námskráa um réttindi og velferð barna og ungmenna. Fá af þessum mikilvægu atriðum hafa komist í framkvæmd. KÍ vill að lokum nefna að á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytisins er nú unnið að úttekt á menntun án aðgreiningar í leikskólum, grunnskólum og framhaldsskólum og eru niðurstöður væntanlegar í lok þessa árs. KÍ telur mjög mikilvægt að þær verði nýttar í starfi að framkvæmdaáætluninni.

3. KÍ bendir á að áhættueinkenni brotthvarfs úr námi koma þegar fram á neðri stigum grunnskóla og því þarf að hefja markvissar aðgerðir gegn brotthvarfseinkennum úr námi strax á því skólastigi og fylgja þeim eftir út grunnskólann sem og að vinna skipulega gegn brotthvarfi úr námi í framhaldsskóla.
4. KÍ bendir á að aukin áhersla á kennslu í móðurmáli barna og ungmenna sem hafa annað móðurmál en íslensku og aukin kennsla í íslensku gera kröfu um stórauðna útgáfu á náms- og kennslugögnum og á lestarrefni við hæfi barna og ungmenna. Mjög mikilvægt er að lagðar verði áætlanir um aukna útgáfu með skilgreindum fjármunum fyrir öll skólastigin.

C.1. Jöfn tækifæri til náms.

Markmið: Að bæta námsárangur innflytjenda við lok grunnskóla, búa þeim jöfn tækifæri og sömu aðstöðu til náms og öðrum börnum og styrkja kennslu í íslensku.

Framkvæmd: Stofnaður verði starfshópur sem vinni að leiðum til að tryggja að innflytjendur í leik- og grunnskólum hafi jöfn tækifæri og sömu aðstöðu til náms og önnur börn. Starfshópurinn fari meðal annars yfir gildandi lög og reglugerðir og aðalnámskrár, kanni fyrirkomulag og framboð íslenskukennslu á öllum stigum og leggi til leiðir til eflingar þess náms og samhæfingar þjónustu ef þörf krefur.

Ábyrgð: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Samstarfsaðilar: Menntamálastofnun, háskólar, fagrað um símenntun og starfsþróun kennara, leik-, grunn- og framhaldsskólar, innflytjendaráð, Samband íslenskra sveitarfélaga, Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, Móðurmál – félag um móðurmálskennslu tvítyngdra barna og önnur frjáls félagasamtök sem stuðla að móðurmálskennslu, símenntunarstofnanir og aðrar stofnanir og einstaklingar sem koma að símenntun kennara.

Mælikvarði: Að jöfnuður milli nemenda mælist aukinn í PISA-könnuninni árið 2018 og verði þá fyrir ofan meðaltal OECD-ríkja.

Hagaðilar/markhópur: Kennarar, nemendur og foreldrar.

Tímabil: 2016–2019.

Kostnaður: 2 m.kr.

Niðurstaða: Bættur námsárangur.

Athugasemdir KÍ við lið C.1.:

1. KÍ leggur til eftirfarandi breytingar á markmiðum: „**Að búa innflytjendum í leikskólum, grunnskólum og framhaldsskólum jöfn tækifæri og sömu aðstöðu til náms og öðrum börnum og ungmennum, bæta námsárangur** og styrkja kennslu í íslensku“.
2. KÍ leggur til að starfshópurinn samkvæmt þessum lið hafi líka það hlutverk að taka saman yfirlit yfir þau ákvæði í lögum og námskrám leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla sem varða réttindi og velferð barna og ungmenna sem hafa lítt eða ekki komist í framkvæmd og skyldur og ábyrgð stjórnvalda, ríkis og sveitarfélaga, þar að lútandi. Starfshópurinn geri tillögur um framkvæmd með skilgreindum fjármunum til að tryggja að innflytjendur í leikskólum, grunnskólum og framhaldsskólum hafi jöfn tækifæri og sömu aðstöðu til náms og önnur börn og ungmenni.
3. KÍ leggur ríka áherslu á að ríki og sveitarfélög skipuleggi markvissan stuðning við kennara og skóla á öllum skólastigum til að styðja við markmið þessa liðar.
4. KÍ leggur ríka áherslu á að KÍ og Skólameistarafélag Íslands séu meðal tilgreindra samstarfsaðila um þetta verkefni.
5. KÍ telur mælikvarðann sem áformað er að nota til að leggja mat á árangur þessa verkefnis vera mjög einhæfan og takmarkaðan. Hér þarf að nota fjölbreyttar aðferðir og kanna jöfnuð til náms í leikskólum, grunnskólum og framhaldsskólum sem beinist að nemendum, foreldrum og starfsfólki skólanna.
6. KÍ bendir á að efling íslenskukennslu kallar á stórauðna útgáfu á náms- og kennslugögnum og á lestarrefni við hæfi barna og ungmenna. KÍ leggur mikla áherslu á að gerðar verði áætlanir um aukna útgáfu með skilgreindum fjármunum fyrir öll skólastigin.

C.2. Virkt tvítýngi/fjöltýngi.

Markmið: Að auka vægi móðurmálskennslu hjá nemendum af erlendum uppruna í leik-, grunn- og framhaldsskólum. Allir nemendur grunn- og framhaldsskóla séu upplýstir um rétt sinn til að fá eigið móðurmál metið árið 2016 og fái á vitnisburðarblaði kunnáttu í móðurmáli metna árið 2017; 75% nemenda með íslensku sem annað mál fái stað- eða fjarkennslu í eigin móðurmáli árið 2018.

Framkvæmd: Stofnaður verði starfshópur sem skoði lög, reglugerðir og aðalnámskrár og móti tillögur um móðurmálskennslu á öllum skólastigum ásamt tillögum um betri nýtingu þess fjármagns sem nýtt er til tungumálakennslu í dag. Þá verði nýting upplýsinga bætt sem og samskiptatækni. Útbúinn verði samræmdur leiðarvísir fyrir móðurmálskennslu á öllum skólastigum með tillögum að námsmati. Fundnar verði leiðir til að tengja móðurmálskennslu betur við daglegt skólastarf á öllum skólastigum.

Ábyrgð: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Samstarfsaðilar: Innflytjendaráð, Samband íslenskra sveitarfélaga, grunnskólar og framhaldsskólar, Tungumálatorg, Tungumálaver, Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur, Móðurmál – félag um móðurmálskennslu tvítýngdra barna og önnur frjáls félagasamtök sem stuðla að móðurmálskennslu, Menntamálastofnun.

Mælikvarði: Fjöldi nemenda sem fær móðurmálskennslu að staðaldri. Starfshópurinn móti einnig mælikvarða fyrir þær aðgerðir sem hann leggur til.

Hagaðilar/markhópur: Nemendur á öllum skólastigum, foreldrar og skólasamfélagið.

Tímabil: 2016–2019.

Kostnaður: 4 m.kr.

Niðurstaða: Samræmdur leiðarvísir fyrir móðurmálskennslu á öllum skólastigum. Stað- og fjarnám í algengustu þjóðtungum sem notaðar eru hér á landi og aukin móðurmálskennsla fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku.

Atugasemdir KÍ við lið C.2.:

1. KÍ telur mjög mikilvægt að foreldrar/forráðamenn verði einnig upplýstir um þau réttindi barna og ungmenna sem um fjallað í þessum lið. KÍ telur að stefna eigi að því að öll börn og ungmenni af erlendum uppruna fái kennslu í sínu móðurmáli árið 2019.
2. KÍ leggur mikla áherslu á að móðurmálskennslan verði gjaldfrjáls frá upphafi leikskóla og til 18 ára aldurs í framhaldsskóla og að ríki og sveitarfélög standi straum af kostnaði við þessa kennslu og tengdri þjónustu við börn og ungmenni.
3. KÍ telur mjög mikilvægt að í þeim samræmda leiðarvísi sem stefnt er að því að útbúa fyrir móðurmálskennslu á öllum skólastigum með tillögum að námsmati, verði einnig að finna samræmd gæðaviðmið fyrir kennsluna og tengda þjónustu við börn og ungmenni sem taki bæði til stað- og fjarkennslu. KÍ bendir einnig á að fjarkennsla gerir kröfu um góðan tölvubúnað í skólunum og nettengingar og skilgreinda fjármuni til þessa.
4. KÍ leggur ríka áherslu á að ríki og sveitarfélög skipuleggi markvissan stuðning við kennara og skóla á öllum skólastigum með skilgreindum fjármunum til að styðja við markmið þessa liðar.
5. KÍ bendir á að efling kennslu í móðurmáli barna og ungmenna af erlendum uppruna kallar á stórauka útgáfu á náms- og kennslugögnum og á lestrarefni við hæfi barna og ungmenna. KÍ leggur ríka áherslu á að gerðar verði áætlanir um aukna útgáfu með skilgreindum fjármunum fyrir öll skólastigin.
6. KÍ leggur ríka áherslu á að KÍ og Skólameistarafélag Íslands séu meðal tilgreindra samstarfsaðila um þetta verkefni.
7. KÍ telur mælikvarðann sem áformað er að nota til að leggja mat á árangur þessa verkefnis vera takmarkaðan. Ekki er nægjanlegt að miða við þann fjölda sem fær móðurmálskennslu að staðaldri. Hér þarf einnig að kanna gæði kennslu og tengdrar þjónustu við börn og ungmenni.

C.3. Aðgerðir gegn brotthvarfi úr námi.

Markmið: Að fjölga nemendum sem útskrifast úr framhaldsskólum og hafa annað móðurmál en íslensku.

Framkvæmd: Unnið verði að því að sem flestir framhaldsskólar bjóði upp á viðeigandi námstilboð og skilvirkan stuðning við nemendur af erlendum uppruna á framhaldsskólastigi. Þetta verði liður í almennum aðgerðum um bætt námsframvindu í framhaldsskólum. Skimað verði reglulega fyrir brotthvarfi nemenda af erlendum uppruna í framhaldsskólum og efri bekkjum grunnskóla.

Ábyrgð: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Samstarfsaðilar: Menntamálastofnun, Samband íslenskra sveitarfélaga, innflytjendaráð, sveitarfélög, náms- og starfsráðgjafar, grunnskólar, framhaldsskólar og Fjölmenningssetur.

Mælikvarði: Árið 2019 er stefnt að því að ekki greinist munur á innritunarhlutfalli nemenda eftir uppruna þeirra og að námsframvinda í framhaldsskólum verði óháð uppruna. Hlutfall brautskráðra nemenda af erlendum uppruna aukist jafnframt og verði jafnt og annarra hópa árið 2019.

Hagaðilar/markhópur: Innflytjendur á unglingsstigi grunnskóla, framhaldsskólanemendur af erlendum uppruna, foreldrar þeirra og skólasamfélagið allt.

Tímabil: 2016–2019.

Kostnaður: 2 m.kr.

Niðurstaða: Fleiri úrræði og skilvirkari stuðningur við nemendur á framhaldsskólastigi með annað móðurmál en íslensku.

Athugasemdir KÍ við lið C.3.:

1. KÍ telur að markmiðið eigi að vera að fjölga nemendum sem standast námsmarkmið við lok grunnskóla sem og að fjölga nemendum sem innritast í framhaldsskóla og ljúka formlegu námi með útskrift.
2. KÍ bendir á að áhættueinkenni brotthvarfs úr námi koma þegar fram á neðri stigum grunnskóla og því þarf að hefja markvissar aðgerðir gegn brotthvarfseinkennum úr námi strax á því skólastigi og fylgja þeim eftir út grunnskólann sem og að vinna gegn brotthvarfi úr námi í framhaldsskóla með skipulegum stuðningi og ráðgjöf við nemendur í grunnskólum og framhaldsskólum.
3. KÍ leggur ríka áherslu á að ríki og sveitarfélög skipuleggi markvissan stuðning við kennara og skóla á öllum skólastigum með skilgreindum fjármunum til að styðja við markmið þessa liðar.
4. KÍ leggur ríka áherslu á að KÍ og Skólameistarafélag Íslands séu meðal tilgreindra samstarfsaðila um þetta verkefni.
5. KÍ vill einnig benda á að bæta þarf upplýsingaöflun og greiningu á upplýsingum og miðlun upplýsinga um innritun í nám, brotthvarf úr námi og brautskráningar úr framhaldsskólum eftir uppruna nemenda og aldri.

C.4. Íslenskukennsla fyrir fulloröna.

Markmið: Að efla gæði og framboð íslenskukennslu fyrir innflytjendur þannig að íslenska nýtist einstaklingum til virkrar þátttöku í samfélaginu. Sérstaklega verði hugað að foreldrum skólabarna sem ekki tala íslensku.

Framkvæmd: Stofnaður verði starfshópur sem rýni niðurstöður úttektar á íslenskukennslu fyrir útlendinga sem Capacent gerði fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið árið 2015 og komi með tillögur til úrbóta. Auk þess verði hugað að kennsluháttum, nemendaskráningu, jöfnum aðgangi að námi, fjölbreyttum námsleiðum, samfélagsfræðslu og námsframvindu nemenda. Útbúin verði gæðaviðmið fyrir íslenskukennslu fyrir innflytjendur.

Ábyrgð: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Samstarfsaðilar: Fræðsluaðilar, háskólasamfélagið, velferðarráðuneytið, sveitarfélög, Vinnumálastofnun, aðilar vinnumarkaðarins og innflytjendaráð.

Mælikvarði: Mennta- og menningarmálaráðuneytið setji í samráði við innflytjendaráð mælanleg markmið fyrir þær aðgerðir sem lagðar verða til.

Hagaðilar/markhópur: Fullorðnir innflytjendur.

Tímabil: 2017.

Kostnaður: 4 m.kr.

Niðurstaða: Gæðaviðmið sem unnin eru út frá niðurstöðum úttektar á íslenskukennslu.

Athugasemdir KÍ við lið C.4.:

1. KÍ bendir á að samkvæmt skýrslu ráðherra sem fylgir með framkvæmdaáætluninni er tungumálið helsta hindrunin á möguleikum fólks til vinnu og jafnar þátttöku í samfélaginu. Einnig er algengt að fræðsla sé af skornum skammti og ekki við hæfi fólks og misjöfn að gæðum. Vardandi gæðaviðmið fyrir íslenskukennslu þá þarf að kveða á um eftirfylgni með því að þau séu virt.
2. KÍ mælir með að horft verði til landa eins og Noregs við fyrirkomulag tungmálakennslu fullorðinna innflytjenda, og leggur KÍ til að hið opinbera standi straum af kostnaði við sama fjölda kennslustunda í íslensku fyrir alla flóttamenn líkt og nú er kveðið á um í reglum vegna kvótaflóttamanna. Einnig verði styrkur til annarra innflytjenda skoðaður sem og stóraukin hvatning til íslenskunáms.

C.5. Menntun samfélagstúlka.

Markmið: Að auka hæfni og menntun samfélagstúlka.

Framkvæmd: Stofnaður verði starfshópur sem vinni að þróun námsleiðar og stöðuprófa fyrir samfélagstúlka. Auk þess verði þróað raunfærnimat sem undirbýr fólk fyrir nám í samfélagstúlkun í Háskóla Íslands eða öðrum háskólum sem bjóða slíkt nám.

Ábyrgð: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Samstarfsaðilar: Háskóli Íslands, velferðarráðuneytið, innflytjendaráð, menntastofnanir og túlkapjónustufyrirtæki.

Mælikvarði: Að meiri hluti samfélagstúlka innan velferðarpjónustunnar, í skólum og hjá sýslumönnum hafi árið 2019 próf sem staðfestir hæfni þeirra til túlkunar.

Hagaðilar/markhópur: Túlkar og notendur túlkapjónustu.

Tímabil: 2016–2019.

Kostnaður: 15 m.kr.

Niðurstaða: Stöðupróf fyrir samfélagstúlka og raunfærnimat fyrir nám í samfélagstúlkun á háskólastigi.

Athugasemdir KÍ við lið C.5.:

1. KÍ telur að markmiðið þurfi að vera að fjölga samfélagstúlkum sem og að auka hæfni og menntun þeirra.
2. KÍ telur ekki nægilegt að vinna að þróun námsleiðar, stöðuprófa og raunfærnimats. Einnig er brýnt að setja reglur um samfélagstúlka og hlutverk þeirra og kröfur til menntunar og hæfni þeirra, og á hvaða sviðum þeir starfa, svo sem í heilbrigðiskerfi, menntakerfi, dómskerfi og á fleiri sviðum.
3. KÍ bendir á að kostnaðarasamt er að halda uppi námi í samfélagstúlkun þar sem það er ekki hægt að reka í stórum námshópum og það fellur því illa að þeim reikniflokki sem notaður er fyrir þetta nám við Hugvísindasvið HÍ. KÍ leggur mikla áherslu á að umrætt reikniverk verði endurskodað til að auðvelda HÍ að halda þessu námi úti.

C.6. Mat á menntun.

Markmið: Að einfalda ferli við mat á menntun innflytjenda.

Framkvæmd: Stofnaður verði starfshópur til að samræma verklag við mat á menntun. Hann sjái til þess að upplýsingar um málið verði aðgengilegri en nú er, verkferli einfölduð og raunfærnimat nýtist innflytjendum. Jafnframt verði unnið að því að stytta afgreiðslutíma umsókna um mat á menntun.

Ábyrgð: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Samstarfsaðilar: Iðan fræðslusetur, háskólasamfélagið, stéttarfélag, Menntamálastofnun og aðrir aðilar sem hafa umsjón með mati á menntun, auk innflytjendaráðs.

Mælikvarði: Starfshópurinn skilgreini mælikvarða fyrir þær aðgerðir sem hann leggur til.

Hagaðilar/markhópur: Innflytjendur og vinnumarkaðurinn.

Tímabil: 2016–2019.

Kostnaður: Innan ramma.

Niðurstaða: Aðgengilegri upplýsingar um mat á menntun.

Athugasemdir KÍ við lið C.6.:

1. KÍ leggur mikla áherslu á að KÍ verði með tilgreindra samstarfsaðila um þetta verkefni.

D. Vinnumarkaðsstoð.

Áhersla verði lögð á að hlutfall innflytjenda í opinberum störfum og áhrifastöðum í samfélaginu endurspegli lýðfræðilega samsetningu samfélagsins. Launajafnrétti á vinnumarkaði verði sett í forgang sem og það að tryggja innflytjendum aukin tækifæri til endurmenntunar og starfstengds náms. Staða innflytjenda á vinnumarkaði verði styrkt og tryggt að þeir njóti jafna tækifæra á við aðra.

Lögð verði áhersla á eftirfarandi þætti fyrir þróun samfélagsins:

1. Að innflytjendur njóti jafna tækifæra og réttinda á við aðra á vinnumarkaði.
2. Að innflytjendum á vinnumarkaði bjóðist aukin tækifæri til endurmenntunar og starfstengds náms sem styrkja muni tengslanet þeirra.

Athugasemdir KÍ við lið D.:

1. KÍ bendir á að fordómar gagnvart innflytjendum á vinnumarkaði eru miklir og nægja einir og sér til að hefta atvinnumöguleika, framgang og möguleika fólks í starfi. Mjög mikilvægt er að á þessu verði tekið í áætluninni. Í skýrslu ráðherra er getið um þetta og vísað í þætti A.2. og A.3. en það er frekar almenns eðlis og því mætti hafa það sem sérlið undir vinnumarkaðsstoðinni um að vinna markvisst gegn fordómum innan vinnustaða og á vinnumarkaði almennt og að stjórnvöld og vinnuveitendur á opinberum og almennum vinnumarkaði taki á sig skilgreindar skyldur og ábyrgð í þessum efnum.
2. KÍ bendir á að enn hafa svokallaðar „mismununartilskipanir“ ekki verið innleiddar með setningu laga um jafna meðferð á vinnumarkaði og jafna meðferð óháð kynþætti eða þjóðernisuppruna sem byggja á tveimur Evróputilskipunum frá árinu 2000 (2000/78/EB) og 2000/43/EB) þrátt fyrir að stjórnvöld hafi marg oft boðað að lagafrumvörp þar um yrðu lögð fram á Alþingi. KÍ telur afar brýnt að lögfesta þessar tilskipanir báðar strax til að tryggja stöðu fólks á vinnumarkaði.

D.1. Hlutfall innflytjenda í opinberum störfum og áhrifastöðum.

Markmið: Að opinber þjónusta og atvinnulífið njóti þeirrar þekkingar og reynslu sem innflytjendur búa yfir og að hlutfall þeirra í þessum störfum endurspegli lýðfræðilega samsetningu samfélagsins.

Framkvæmd: Stofnaður verði starfshópur sem leggi til hvernig auka megi hlutfall innflytjenda í starfslíði opinberra stofnana, t.d. félagsþjónustunnar, heilbrigðiskerfisins, menntakerfisins, réttarvörslukerfisins, opinberrar stjórnsýslu og í áhrifastöðum í þjóðfélaginu.

Ábyrgð: Velferðarráðuneytið.

Samstarfsaðilar: Innflytjendaráð, Vinnumálastofnun, innanríkisráðuneytið, Samband íslenskra sveitarfélaga, Samtök atvinnulífsins, Alþýðusamband Íslands og félög og hagsmunasamtök innflytjenda.

Mælikvarði: Starfshópurinn skilgreini mælikvarða fyrir þær aðgerðir sem hann leggur til.

Hagaðilar/markhópur: Vinnumarkaðurinn, innflytjendur og samfélagið.

Tímabil: 2016–2019.

Kostnaður: Innan ramma.

Niðurstaða: Aðgerðaáætlun.

Athugasemdir KÍ við lið D.1.:

1. KÍ leggur mikla áherslu á að KÍ verði tilgreint meðal samstarfsaðila um þetta verkefni.

D.2. Launajafnrétti á vinnumarkaði.

Markmið: Að innflytjendur fái greidd jöfn laun og njóti sömu kjara og aðrir fyrir sömu eða jafnverðmæt störf.

Framkvæmd: Gerð verði launagreining á kjörum innflytjenda í ákveðnum atvinnugreinum þar sem hlutfall innflytjenda er hátt. Kannað verði hvort marktækur munur sé á launum erlendra og íslenskra ríkisborgara á vinnumarkaði sem ekki skýrist af öðru en uppruna. Komi í ljós munur á milli þessara hópa skal gripið til aðgerða.

Ábyrgð: Velferðarráðuneytið.

Samstarfsaðilar: Vinnumálastofnun, innflytjendaráð, stéttarfélög og Samtök atvinnulífsins.

Mælikvarði: Launakönnun þar sem laun erlendra ríkisborgara á Íslandi og íslenskra ríkisborgara verði borin saman. Innflytjendaráð setji fram mælanlegt markmið eftir niðurstöðu könnunar.

Hagaðilar/markhópur: Innflytjendur á vinnumarkaði og vinnumarkaðurinn í heild.

Tímabil: 2016–2019.

Kostnaður: 5 m.kr.

Niðurstaða: Launagreining sem Hagstofa Íslands mun framkvæma og aðgerðir sem stuðla að auknu launajafnrétti á vinnumarkaði.

Athugasemdir KÍ við lið D.2.:

1. KÍ telur mjög mikilvægt að þessi liður verði tengdur öðru starfi um launajafnrétti, svo sem við Aðgerðahóp stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins um launajafnrétti.
2. KÍ telur mjög mikilvægt að jöfn laun fyrir sömu eða jafnverðmæti störf séu tryggð með lögum. Skilgreina þarf ábyrgð og eftirlit með framkvæmd slíkra laga og skilgreind úrræði þurfa að vera fyrir hendi telji fólk á sér brotið.

D.3. Tengslanet innflytjenda á vinnumarkaði.

Markmið: Að fjölga innflytjendum í tilteknum fagstéttum með því að auka tengingu menntunar þeirra og sérsviðs við atvinnulífið.

Framkvæmd: Tengslanet innflytjenda verði styrkt með samstarfi við tiltekin stéttarfélög og sett á laggirnar tilraunaverkefni þar sem stofnað verði til félagsvinatengsla. Innflytjendur fái þá tækifæri til að komast í tengsl við einstaklinga með svipaðan menntunarbakgrunn og þeir sjálfir.

Ábyrgð: Innflytjendaráð.

Samstarfsaðilar: Velferðarráðuneytið, háskólasamfélagið, félög og hagsmunasamtök innflytjenda, Rauði krossinn á Íslandi og mögulega önnur félagasamtök og stéttarfélög.

Mælikvarði: Fimm stéttarfélög taki þátt í tilraunaverkefninu.

Hagaðilar/markhópur: Innflytjendur, stéttarfélög og vinnumarkaðurinn.

Tímabil: 2016–2018.

Kostnaður: Innan ramma.

Niðurstaða: Skilvirkt verkefni sem stuðlar að auknum möguleikum innflytjenda á sérfræðistörfum.

D.4. Auknir möguleikar til endurmenntunar og starfstengds náms.

Markmið: Að gefa innflytjendum ný tækifæri í atvinnulífinu með því að laga starfstengt nám og námsleiðir betur að þörfum þeirra. Hugað verði að því að vinna sérstaklega gegn langtímaatvinnuleysi.

Framkvæmd: Stofnaður verði starfshópur sem rýni námskrár og meti hvort þörfum innflytjenda sé mætt. Komi í ljós að þörf sé á að auka framboð á endurmenntunarnámskeiðum og starfstengdu námi verði gripið til aðgerða.

Ábyrgð: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Samstarfsaðilar: Fræðsluaðilar, háskólasamfélagið og innflytjendaráð.

Mælikvarði: Að innflytjendum sem stunda og ljúka starfstengdu námi fjölgi um þriðjung á tímabilinu.

Hagaðilar/markhópur: Innflytjendur og samfélagið.

Tímabil: 2016–2019.

Kostnaður: 8 m.kr.

Niðurstaða: Námskrá, námskeið og námsleiðir.

Athugasemdir KÍ við lið D.4.:

1. KÍ bendir á að lög um framhaldsfræðslu tryggja aðeins að litlu leyti einstaklingum raunhæfan og raunverulegan rétt til náms og engin ákvæði eru í lögnum um að kennarar með tilskilda menntun og kennsluréttindi sinni kennslu sem fram fer á grundvelli þeirra. KÍ telur mjög mikilvægt að lög um framhaldsfræðslu verði endurskoðuð til að tryggja betur rétt einstaklinga og gæði kennslu. KÍ leggur áherslu á að gera þarf sömu gæðakröfur til allra þeirra aðila sem sinna fræðslu á framhaldsskólastigi.

D.5. Fjölgun sérfræðimenntaðra innflytjenda á Íslandi.

Markmið: Að fleiri sérfræðimenntaðir innflytjendur geti nýtt þekkingu sína og færni á íslenskum vinnumarkaði.

Framkvæmd: Stofnaður verði vinnuhópur sérfræðinga sem fái það hlutverk að stuðla að því að fleiri sérfræðimenntaðir einstaklingar af erlendum uppruna geti nýtt þekkingu sína á íslenskum vinnumarkaði. Hópurinn rýni meðal annars ferli við veitingu dvalar- og atvinnuleyfa, á grundvelli sérfræðipekkingar, með hliðsjón af þörfum bæði atvinnurekenda og umsækjenda. Hópurinn skoði

einnig hvernig styðja megi við erlendar fjölskyldur sem flytja til Íslands, sérstaklega með tilliti til aðgengis að upplýsingum um íslenskt samfélag og möguleika barna til alþjóðlegrar menntunar. Þá verði aðgengi maka að vinnumarkaði einnig skoðað.

Ábyrgð: Velferðarráðuneytið.

Samstarfsaðilar: Innanríkisráðuneytið, mennta- og menningarmálaráðuneytið, Vinnumálastofnun, Útlendingastofnun, Íslandsstofa, háskólasamfélagið, aðilar vinnumarkaðarins og innflytjendaráð.

Mælikvarði: Fleiri sérfræðileysi verði veitt á tímabilinu. Þeim fjölgað um 20%.

Hagaðilar/markhópur: Atvinnulífið.

Tímabil: 2016–2018.

Kostnaður: Innan ramma.

Niðurstaða: Tillögur að aðgerðum sem stuðla að því að fleiri sérfræðimenntaðir innflytjendur nýti hæfileika sína á innlendum vinnumarkaði og verði virkir samfélagsþegnar á Íslandi.

Athugasemdir KÍ við lið D.5.:

1. KÍ leggur mikla áherslu á að KÍ verði með tilgreindra samstarfsaðila um þetta verkefni.

D.6. Bætt eftirlit með vinnustöðum.

Markmið: Innflytjendur á innlendum vinnumarkaði njóti sömu kjara og réttinda og aðrir og séu upplýstir um réttindi sín og skyldur.

Framkvæmd: Samstarf stjórnvalda og aðila vinnumarkaðar um eftirlit með vinnumarkaðslöggjöfnni, svo sem lögum um starfsmannaleigur, lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og lögum um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands. Fræðsluefni um réttindi og skyldur á vinnumarkaði verði útbúið á helstu tungumálum.

Ábyrgð: Vinnumálastofnun.

Samstarfsaðilar: Verkalýðsfélög, Alþýðusamband Íslands, Samtök atvinnulífsins, velferðarráðuneytið og lögreglan.

Tímabil: Viðvarandi verkefni.

Kostnaður: 6 m.kr.

Niðurstaða: Bætt eftirlit.

Athugasemdir KÍ við lið D.6.:

1. Nauðsynlegt er að lögfesta réttindi minnihlutahópa, sbr. athugasemd KÍ við lið D, og að skilgreina ábyrgð og eftirlit með framkvæmd þeirra laga.

E. Flóttafólk.

Lögð verði áhersla á að flóttafólk fái nauðsynlega aðstoð til að vinna úr þeim áföllum sem það þarf að kljást við, en jafnframt að það fái fljótt tækifæri til virkrar þátttöku í samfélaginu, hvort sem er á vinnumarkaði, varðandi menntun eða á öðrum sviðum. Lögð verði áhersla á að hjálpa fólki til að koma sér vel fyrir hér á landi, jafnt flóttamönnum sem hingað koma fyrir milligöngu Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna og þeim sem koma til landsins eftir öðrum leiðum. Til að þjónusta og stefnumörkun vegna móttöku flóttafólks verði sem skilvirkust verði lögð áhersla á að rannsaka hagi flóttafólks eftir komu þess til landsins.

Lögð verði áhersla á eftirfarandi þætti fyrir farsæla móttöku flóttafólks:

1. Samræmda og bætt móttöku.
2. Virka þátttöku í samfélaginu.
3. Rannsóknir og bættar upplýsingar.

Athugasemdir KÍ við lið E.:

1. KÍ fagnar sérstökum áherslum á málefni flóttamanna sem leita hingað í þeim tilgangi að fá alþjóðlega vernd, en telur jafnframt að flétta þurfi sérstaka þætti varðandi þennan hóp inn í hinar meginstöðimar.
2. KÍ fagnar einnig að jafna eigi aðstæður flóttafólks sem koma hingað fyrir milligöngu Flóttamannastofnunar SP og þeirra sem koma hingað eftir öðrum leiðum. Mismunun á stöðu og rétti einstakra hópa hefur mjög neikvæðar afleiðingar og er mjög brýnt er að þessari samræmingu verði lokið sem fyrst.

3. KÍ bendir einnig á að gera þarf umbætur á stöðu þeirra flóttamanna sem bíða eftir eða eru í hælismeðferð og leggja þarf sérstaka áherslu á að búa börnum og ungmennum í þessum hópi tryggja aðstæður, menntun og skólavist.
4. KÍ leggur ríka áherslu á að ríki og sveitarfélög skipuleggi markvissan stuðning við kennara og skóla með skilgreindum fjármunum til að styðja við markmið þessarar stöðar.
5. KÍ bendir á að í fyrstu málsgrein er rætt um þau áföll sem flóttafólk þarf að kljást við en í framkvæmdaliðnum er hvergi að sjá viðurkenningu á þeim mikla vanda sem margir búa við vegna þessa og þörf á sértækri aðstoð til lengri tíma. KÍ telur að bæta þurfi úr þessu.
6. KÍ leggur mikla áherslu á að samráð sé haft við flóttafólk þegar úrræði fyrir flóttafólk eru þróuð.

E.1. Móttaka flóttafólks eftir hælisleit.

Markmið: Samræmd og bætt móttaka flóttafólks eftir hælismeðferð.

Framkvæmd: Sett verði á stofn nefnd sem kortleggi núverandi þjónustu og setji fram tillögur um hvernig hægt sé að bæta þjónustu við flóttafólk eftir hælismeðferð. Þá geri nefndin tillögu um samræmt móttökukerfi fyrir flóttafólk. Sérstaklega verði hugað að þætti sveitarfélaga og frjálsra félagasamtaka við móttöku flóttafólks, einnig að tengslum á milli stjórnsýslustofnana og fræðslu fyrir starfsfólk ríkis og sveitarfélaga sem kemur að móttöku flóttafólks.

Ábyrgð: Velferðarráðuneytið.

Samstarfsaðilar: Samband íslenskra sveitarfélaga, Útlendingastofnun, innanríkisráðuneytið, Fjölmeningarsetur, Rauði krossinn á Íslandi og önnur félagasamtök.

Mælikvarði: Nefndin skili tillögum til félags- og húsnæðismálaráðherra.

Hagaðilar/markhópur: Flóttafólk eftir hælismeðferð.

Tímabil: 2016.

Kostnaður: Tillögur verði kostnaðarmetnar eftir skil nefndarinnar.

Niðurstaða: Bætt og samræmd þjónusta við flóttafólk eftir hælismeðferð.

Athugasemdir KÍ við lið E.1.:

1. KÍ leggur mikla áherslu á að þessi liður nái bæði til móttöku flóttafólks sem er í eða bíður eftir hælismeð og þeirra sem hafa lokið slíkri meðferð.

E.2. Fræðsla og ráðgjöf fyrir flóttafólk.

Markmið: Öllum einstaklingum sem fá stöðu flóttafólks verði boðið upp á fræðslu og ráðgjöf um réttindi og skyldur og helstu upplýsingar um íslenskt samfélag, þar á meðal upplýsingar um atvinnutækifæri, húsnæðismál, íslenskukennslu og menntun almennt. Lögð verði áhersla á að flóttafólkið fái fræðslu og ráðgjöf sem allra fyrst eftir að búið er að veita því stöðu flóttamanns hér á landi sem og aðstoð við að tengjast því sveitarfélagi sem það hyggst flytjast til.

Framkvæmd: Útbúið verði fræðsluefni á ýmsum tungumálum fyrir flóttafólk svo hægt sé að veita þeim sem fá stöðu flóttamanns upplýsingar á viðeigandi tungumáli. Þá verði mótaðar tillögur um fyrirkomulag fræðslu og ráðgjafar, m.a. um búsetu- og atvinnumál og félagslegan stuðning.

Ábyrgð: Velferðarráðuneytið.

Samstarfsaðilar: Innanríkisráðuneytið, Útlendingastofnun, Samband íslenskra sveitarfélaga, þjónustuaðilar hælisleitenda, Fjölmeningarsetur, Rauði krossinn á Íslandi og Vinnuálastofnun.

Mælikvarði: Öllum sem fengið hafa stöðu flóttamanns standi til boða að fá fræðslu og ráðgjöf á fyrstu fjórum vikum eftir að þeir hafa fengið stöðu flóttamanns hér á landi.

Hagaðilar/markhópur: Flóttafólk.

Tímabil: 2017–2019.

Kostnaður: 6 m.kr.

Niðurstaða: Fræðsla og ráðgjöf fyrir flóttafólk.

Athugasemdir KÍ við lið E.2.:

1. KÍ telur óljóst hversu umfangsmikil þessi fræðsla á að vera eða hversu mikil viðbót hún er við það sem nú er í boði í móttökuáætlunum sveitarfélaga fyrir flóttafólk. Einnig er óljóst hver á að standa að þessari fræðslu. Ennfremur þarf að tryggja að fræðsla samkvæmt þessum lið sé tengd m.a. við liði A. 4., B.2., B. 3. og B.4.
2. Það er mat KÍ að stórauka þurfi fræðslu um andlegt heilbrigði og þau áhrif sem áföll og langvarandi streita getur haft á fólk og sérsníða þarf fræðsluna að þörfum flóttafólks.

E.3. Endurskoðun lagaumhverfis.

Markmið: Almenn löggjöf taki tillit til flóttafólks.

Framkvæmd: Sett verði á lagginnar nefnd sem verði falið að fara yfir ábendingar um misræmi þegar kemur að sérstöðu flóttafólks gagnvart almennum lögum um opinbera þjónustu.

Ábyrgð: Velferðarráðuneytið.

Samstarfsaðilar: Innanríkisráðuneytið, mennta- og menningarmálaráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Mælikvarði: Tillögur að laga- og reglugerðarbreytingum sé þess þörf.

Hagaðilar/markhópur: Flóttafólk.

Tímabil: 2016–2018.

Kostnaður: Innan ramma.

Athugasemdir KÍ við lið E.3.:

1. KÍ telur að skýra þurfi orðalagid í framkvæmd þessa liðar þannig að ljóst sé hvað átt er við og hvað eigi að gera.

E.4. Rannsókn á stöðu og líðan flóttafólks.

Markmið: Betri upplýsingar um stöðu flóttafólks á Íslandi til að stefnumótun verði markvissari.

Framkvæmd: Hrundið verði af stað rannsókn um hvernig flóttafólki hafi vegnað í íslensku samfélagi með tilliti til menntunar, atvinnumöguleika, félagslegrar þátttöku og heilbrigðisþátta.

Ábyrgð: Innanríkisráðuneytið og velferðarráðuneytið.

Samstarf: Háskólasamfélagið, Samband íslenskra sveitarfélaga, Útlendingastofnun og Fjölmenningssetur.

Mælikvarði: Niðurstaða rannsóknarinnar.

Hagaðilar/markhópur: Þjónustuveitendur, flóttafólk og samfélagið.

Tímabil: 2016–2017.

Kostnaður: 5 m.kr.

Athugasemdir KÍ við lið E.4.:

1. KÍ bendir á að sérstaklega þarf að hafa í huga bæði dulda og opna fordóma í garð innflytjenda í íslensku samfélagi sem og þær miklu og oft ótilgreindu afleiðingar áfalla og langvarandi streitu á andlega heilsu flóttafólks. Ennfremur þarf að tryggja að rannsóknir samkvæmt þessum lið séu tengdar m.a. við liði A.4., A. 5., B.8., D.2. og D.6.

E.5. Vinnumarkaðurinn.

Markmið: Að auðvelda flóttafólki að komast inn á vinnumarkaðinn.

Framkvæmd: Starfshópur verði settur á lagginnar sem komi með tillögur um hvernig hægt sé að stuðla að því að flóttafólk hefji þátttöku á atvinnumarkaði sem fyrst eftir komuna til landsins.

Ábyrgð: Velferðarráðuneytið.

Samstarf: Vinnumálastofnun, Alþýðusamband Íslands, Virk, Keilir, háskólasamfélagið og Samtök atvinnulífsins.

Mælikvarði: Að atvinnuþátttaka flóttafólks sé sambærileg og meðal innflytjenda almennt ári eftir komu til landsins.

Hagaðilar/markhópur: Samfélagið.

Tímabil: 2016–2017.

Kostnaður: Innan ramma.

Athugasemdir KÍ við lið E.5.:

1. KÍ vísar til athugasemda sinna við einstaka liði meginstöða D. og E.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Sú framkvæmdaáætlun sem hér er lögð fram er sú fyrsta eftir að lög um málefni innflytjenda voru samþykkt í nóvember 2012. Áður hefur ein framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda verið samþykkt af Alþingi, en það var árið 2008. Markmið laga um málefni innflytjenda er að stuðla að samfélagi þar sem allir geta verið virkir þátttakendur óháð þjóðerni og uppruna. Því skal meðal annars ná fram með því að taka tillit til hagsmuna innflytjenda í allri stefnumótun, stjórnsýslu og opinberri þjónustu. Auk þess sem stuðlað sé að víðtæku samstarfi allra þjónustuaðila og innflytjenda. Framkvæmdaáætlun þessari er ætlað að vinna að framangreindum

markmiðum og er áhersla lögð á fimm stoðir: samfélag, fjölskyldu, menntun, vinnumarkað og flóttafólk. Aðgerðir áætlunarinnar eru flokkaðar niður eftir stoðunum. Markmið eru tilgreind sem og ábyrgðar- og samstarfsaðilar.

Innflytjendum á Íslandi hefur fjölgað mikið síðustu áratugi og íslenskt samfélag tekið breytingum þar með. Árið 2000 voru 2,6% þjóðarinnar með erlent ríkisfang en árið 2015 var hlutfallið 8,9%. Sé önnur kynslóð innflytjenda talin með er hlutfallið 10% af þjóðinni. Breyttu samfélagsmynstri fylgja bæði tækifæri og áskoranir. Samfélag samanstendur af mörgum hópum sem mynda eina heild og stuðla þarf að samheldni heildarinnar með jöfnu aðgengi allra að þátttöku í samfélaginu og þekkingu á réttindum og skyldum gagnvart því.

Mikilvægt er að vel sé tekið á móti einstaklingum og fjölskyldum sem flytja til Íslands og að þær fái tækifæri til að skapa sér farsælt líf hér á landi. Á Íslandi eiga öll börn að búa við öryggi og jöfn tækifæri og njóta lögvarinna réttinda líkt og aðrir þjóðfélagsþegnar. Fjölskylduvænt samfélag, framfarir og bætt lífskjör byggjast á samvinnu og samheldni. Huga þarf að þörfum innflytjenda við opinbera stefnumótun og samfélagið í heild þarf að takast á við nýjar aðstæður hvort sem er á vinnumarkaði, í skólakerfinu, heilbrigðisþjónustu eða annarri velferðarþjónustu ríkis og sveitarfélaga. Innflytjendur hafa sömu réttindi og skyldur og aðrir þegnar samfélagsins. Markmið þessarar framkvæmdaáætlunar er að vinna að því að innflytjendur hafi jöfn tækifæri á við aðra og auðvelda þeim að vera virkir þátttakendur í samfélaginu.

Einstaklingum sem koma hingað í leit að alþjóðlegri vernd hefur fjölgað á síðasta ári og að sama skapi hefur einstaklingum sem fá stöðu flóttamanns fjölgað. Mikilvægt er að huga strax að þeim umfangsmiklu breytingum sem eiga sér nú stað á alþjóðavísu og þeim áhrifum sem þær hafa á íslenskt samfélag.

Með framkvæmdaáætlun þessari er unnið að því að tryggja jöfn tækifæri allra landsmanna, óháð einstaklingsbundnum þáttum og aðstæðum. Stuðlað verði að samfélagi án aðgreiningar, að hver einstaklingur fái tækifæri til að njóta sín óháð uppruna og auðga samfélagið. Samstarf fólks með ólíkan bakgrunn stuðlar að aukinni víðsýni og betra samfélagi. Mikilvægt er að hlúð sé að þeim sem þurfa á aðstoð að halda og jafnframt að fólk fái notið árangurs erfiðis síns og hugkvæmni.

Samhliða tillögu þessari er lögð fram á Alþingi skýrsla félags- og húsnæðismálaráðherra um stöðu og þróun í málefnum innflytjenda árið 2016, þar sem frekari tölfræði er rakin og stoðum er rennt undir þær aðgerðir sem valdar hafa verið í framkvæmdaáætlunina að þessu sinni. Tekið hefur verið mið af reynslunni af fyrri framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda og ábendingum sem borist hafa frá innlendum samstarfsaðilum og alþjóðlegum eftirlitsstofnunum og nefndum. Við móttun áætlunarinnar voru eftirfarandi skýrslur og alþjóðlegar skuldbindingar hafðar að leiðarljósi: mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna, alþjóðasamningur um afnám alls kynþáttamisréttis, skýrsla Sameinuðu þjóðanna um stöðu mannréttindamála á Íslandi, skýrsla Evrópunefndar gegn kynþáttafordómum og umburðarleysi, samningur Sameinuðu þjóðanna um afnám allrar mismununar gegn konum, samningur Sameinuðu þjóðanna um borgaraleg og stjórnómáleg réttindi og samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins sem tók gildi á Íslandi 13. mars 2013, með lögum nr. 19/2013. Í þessari framkvæmdaáætlun er horft til ákvæða sáttmálanna og þeirra markmiða sem sett eru fram með þeim. Um leið er hvatt til að stjórnvísan öll og opinberar stofnanir innleiði ákvæði þeirra á markvissan hátt, sérstaklega þau er varða samning um réttindi barnsins og fylgi mannréttindayfirlýsingunni í stefnumótun og framkvæmdum.

Virðingarfyllt

F.h. Kennarasambands Íslands

Aðalheiður Steingrimsdóttir varaformaður